

Nd.

457. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til laga um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en þegar málið var til meðferðar í Ed., þá var leitað umsagnar um það frá Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, iðnfræðsluráði, Mótórvélstjórafélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, L. Í. Ú. og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Allir þessir aðilar mæltu með samþykkt þess.

Það er megintilgangur þessa frv. að skapa grundvöll að hagsældari vélstjóramenntun og gera mönnum auðveldara að afla sér hennar með það að markmiði, að vélstjórastéttin geti í framtíðinni leyst ört vaxandi verkefni, sem að kalla.

Menntamálanefnd mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed.

Alþingi, 2. apríl 1966.

Benedikt Gröndal, form.	Axel Jónsson, fundaskr., frsm.	Guðlaugur Gíslason.
Sigurvin Einarsson.	Einar Olgeirsson.	Björn Fr. Björnsson.